

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Hof

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og narsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	4
2 Innra mat í leikskólanum	5
2.1 Mat á starfi Bláudeildar 2017-2018.....	5
2.2 Mat á starfi Rauðudeildar veturinn 2017-2018	8
2.3 Mat á starfi Grænudeildar 2017-2018	12
2.4. Mat á starfi Svörtudeildar 2017-2018.....	14
2.5. Mat á starfi Hvítudeildar 2017-2018	16
2.6 Mat á starfi Guludeildar 2017-2018	19
3 Ytra mat.....	20
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	21
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	23
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	24
7. Foreldrasamvinna	24
8. Samstarf leik- og grunnskóla.....	24
9 Skipulagsdagar	25
10 Fylgigögn	25
10.1 Matsgögn.....	25
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	25

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Einkunnarorð skólans eru: Virðing – gleði – sköpun.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið byrjaði vel á Hofi og vel gekk að ráða í lausar stöður. Aðlögun barna hófst fljótlega eftir sumarfrí og stóð yfir í u.þ.b. þrjár vikur. Nýjir deildarstjórar og starfsmenn féllu vel inn í starfsmannahópinn og starfið fór í fullan gang. Í byrjun nóvember fengum við nýjan Grænfána en honum vorum við að flagga í þriðja sinn. Að þessu sinni höfðu aðaláherslur verið á matarsóun og plastsóun. Gróa Sigurðardóttir, deildarstjóri og verkefnastjóri Grænfánans tók við fánanum og stýrir verkefninu áfram. Forvarnarverkefnið, Hvert líf er einstakt, hélt áfram. Verkefnið fór hægt af stað en þegar leið á veturinn gáfum við því meiri tíma og kynntum það betur fyrir nýju fólki. Erna Georgsdóttir, deildarstjóri var verkefnastjóri og skýrsla um verkefnið kom út á vordögum. Við tókum ákvörðun um að vera áfram með í tilraunaverkefni borgarinnar um styttingu vinnuvikunnar. Frá 11. febrúar hefur starfsfólk unnið 37 stunda vinnuviku og gengur það vel enda allir starfsmenn afar ánægðir með þetta fyrirkomulag. Einn af hápunktum vetrarstarfsins var námsferð starfsmannahópsins til Helsinkí í apríl. Nánast allir starfsmenn fóru í ferðina og heppnaðist hún afar vel að allra mati. Við áttum góða daga í Helsinkí, skoðuðum tvo hefðbundna leikskóla, einn fjölmenningarlegan þar sem foreldrar dvelja með börnunum og skoðuðum tvö söfn. Starfsmannahópurinn hitti einnig starfsmannahóp Laugasólar í Helsinkí og blásið var til árshátíðar þar ytra. Sumarið leggst vel í hópinn, tveir starfsmenn útbjuggu eldstæði í garðinum okkar og er það mikið notað til viðbótar við aðra útikennslu sem hefur verið einn af okkar aðalþáttum í vetur. Einn leikskólakennari bætist í starfsmannahópinn eftir sumarfrí en annars verða litlar starfsmannabreytingar í haust sem er virkilegt tilhlökkunarefni.

2 Innra mat í leikskólanum

2.1 Mat á starfi Bláudeildar 2017-2018

Í vetur voru 18 börn á Bláudeildinni fædd 2014-2017 og 4 starfsmenn. Það hefur því töluvert reynt á skipulagningu og framkvæmd starfsins að hafa svona breiðan og ólíkan aldurshóp og ljóst er að ekki gekk allt upp eins og vonast var eftir. Starfsfólk hefur hins vegar lagt mikið upp úr því að koma til móts við öll börnin þannig að hvert og eitt barn fái viðfangsefni sem hæfir aldri þeirra og þroska. Mest hefur áherslan verið á að vera til staðar og fylgja börnunum eftir í leik og starfi og hefur það gengið mjög vel eftir. Það sem við tökum hins vegar með okkur inn í næsta vetur er að gæta að frekara skipulagi og undirbúa kennsluna á deildinni betur.

TRAS

Hvað var gert: Vinnan með TRAS prófin hefur gengið vel. Byrjað var á að prófa 2014 árganginn í haust en í honum voru 6 börn. Prófið var svo tekið aftur 6 mánuðum seinna eins og vera ber. Í maí 2018 var byrjað að taka prófið á 2015 árganginum en í honum eru 9 börn og verður það klárað í júní.

Hvað hefur gengið vel: Að taka prófin gekk vel og þótti gefa góða sýn á þroska barnanna og var í góðu samræmi við upplifun starfsfólks á börnunum. Einnig var það gott tæki til þess að ræða og sýna í foreldravíðtölum og voru foreldrar mjög ánægðir með að sjá hvernig börnum þeirra vegnaði miðað við önnur börn á sama aldri.

Var eitthvað erfitt: Prófið er auðvelt í framkvæmd en krefst dálítills tíma sérstaklega í ljósi þess að einungis deildarstjóri hefur réttindin til þess að taka prófið. Engu að síður hefur annað starfsfólk deildarinnar veitt góða aðstoð þegar eftir því hefur verið leitað.

Viljum við halda þessu áfram: Við viljum halda áfram að taka TRAS prófin og í framhaldinu langar okkur að undirbúa og kynna okkur hvernig við getum unnið enn frekar með niðurstöður prófanna ef til þess kemur að börnin þurfi á aðstoð að halda.

Sögupokar

Ekkert var unnið með sögupoka í vetur

Viljum við halda þessu áfram: Það voru skiptar skoðanir á því hvort að við viljum vinna með sögupokana.

Útikennsla

Hvað hefur verið gert: Á Bláudeildinni í vetur hafa verið 4 árgangar og í haust var ákveðið að leggja mesta áherslu á útikennslu elsta árgangsins það er að segja barna fædd 2014. Ekki var sett niður fast skipulag hvenær börnin myndu fara heldur gripum við tækifærin og fórum með jafnöldrum þeirra af Rauðudeildinni í útikennslu þegar tækifæri gafst. Við höfum kannað umhverfi leikskólans vel og oftast en ekki endað á leikvelli í nágrenninu. Einnig höfum við farið í styttri gönguferðir með yngri börnunum af Bláudeildinni. Meiri áhersla hefur verið lögð á útikennsluna eftir því sem líður á vorið. Í vetur var útbúið eldstæði úti í garði og

batnaði vinnuaðstaðan þar til muna og því hefur verið enn meiri ánægja og spenna yfir því að elda úti. Í samstarfi við Rauðudeildina höfum við eldað hádegismatinn úti í garði, poppað, steikt lummur og bakað brauð í kaffitímanum auk þess sem við höfum hitað saft og boðið upp á í útiveru fyrir hádegðið.

Hvað hefur gengið vel: Útikennslan hefur gengið mjög vel og hafa allir verið ánægð með þær ferðir sem að við höfum farið í. Samstarfið við Rauðudeild hefur gengið mjög vel og hefur bæði starfsfólk og börn haft mikla ánægju af því og sjáum við fram á að halda því áfram. Við höfum verið að prenta út myndir úr ferðunum og límt þær á vegg inni á deildinni. Börnunum finnst mjög gaman að skoða þær og velta því fyrir sér hvar þau eru og hvað þau eru að gera.

Var eitthvað erfitt: Oft á tíðum hefur verið erfitt að hafa sig af stað og fara út af skólalóðinni. Úrvinnslu úr ferðunum hefur verið ábótavant sem og að tengja þær við annað starf leikskólans. Ekki var farið í gönguferðir með Grænudeild þrátt fyrir góða fyrirætlan en þar eru líka börn fædd 2014 og eftir á að hyggja hefði verið betra að setja upp ákveðið skipulag til að fylgja eftir.

Viljum við halda áfram: Já við viljum halda áfram með útikennslu. Stefnan fyrir næsta vetur er að setja upp skipulag þar sem að gönguferðir verða settar fast inn í dagskipulagið og úrvinnslan úr ferðunum verði enn meiri. Bæði börn og starfsfólk hafa mjög gaman að þessum ferðum þó svo að oft geti verið erfitt að hafa sig af stað.

Skapandi starf

Hvað var gert og hvað tókst vel: Skapandi starf hefur fengið ágætt rými í dagskipulaginu í vetur. Deildin hefur aðgang að listasmiðjunni 3-4 í mánuði og oftast en ekki höfum við nýtt hana vel. Börnin hafa fengið aðgang að ýmsum efnivið og hafa notið þess að líma, mála, rífa, þræða, leira, klippa og margt fleira. Mesta vinnan var í kringum öskudagsbúningana en sú vinna tókst vel og hitti í mark hjá börnum, kennurum og foreldrum. Öll börnin á leikskólanum ákváðu hvaða búning þau vildu búa til og kennarar aðstoðuðu börnin með því að koma með hugmyndir og sáu til þess að efniviðurinn sem börnin höfðu aðgang að væri fjölbreyttur og í takt við þeirra hugmyndir. Útkoman var svo algjörlega byggð á ákvörðunum barnanna og urðu til frábærir búningar sem börnin höfðu mjög gaman af að vera í og voru stolt af. Mikið var tekið af myndum í ferlinu og deilt með foreldrum.

Rasa tónlistarkennari var einn dag í viku á Bláudeildinni og öll börnin fóru í tónlistartíma til hennar. Tímarnir voru mjög vel heppnaðir og börnin biðu spennt eftir því að taka þátt. Söngur og dans var einnig stór partur af dagskipulagi Bláudeildar. Börnin nutu sín vel, sérstaklega þegar bæði söng og hreyfingu var fléttað saman og því var það reynt eftir bestu getu.

Var eitthvað erfitt: Ónógur undirbúningur og skipulag varð til þess að stundum varð lítið úr vinnunni í listasmiðjunni. Einnig brást það nokkuð að vinna barnanna væri mynduð.

Viljum við halda þessu áfram: Já svo sannarlega. Til þess að auðvelda vinnuna enn frekar næsta vetur stendur til að setja upp meira skipulag til þess að nýta listasmiðjuna betur þannig að það sé alltaf fyrir fram ákveðið hvaða verkefni verði unnið þar hverju sinni og efniviðurinn tilbúinn út frá hugmyndum og áhuga barnahópsins. Ekki hefur heldur alltaf gengið eftir að

ferlið sé ljósmyndað og skráð en áhersla verður lögð á að það verði gert og er það á ábyrgð allra á deildinni.

Jafnrétti í leikföngum

Hvað var gert: Ekki hefur verið unnið markvisst með þennan þátt að öðru leyti en því að starfsfólk hefur gætt þess að bjóða bæði stelpum og stráku jafnt upp á öll leikföng, hvort heldur sem það eru bílar, dúkkur, kubbar, púsluspil eða perlur. Einnig höfum við passað að þær bækur sem við vinnum með samrýmist jafnrétti og höfum hiklaust skipt út bókum sem ekki hafa aðhyllst jafnrétti allra hópa.

Hvað hefur gengið vel: Það hefur gengið mjög vel að gæta þess að bæði kynin fái jöfn tækifæri hvað varðar leikefnið og sækjast drengirnir ekki síður en stelpurnar í dúkkur og stelpurnar í bílana.

Viljum við halda áfram: Mikill vilji er fyrir því meðal starfsfólks að vinna betur með þennan þátt og fara yfir leikefni og bækur deildarinnar með því hugarfari gæta að jafnrétti til hins ýtrasta.

Tvítýngd börn

Hvað var gert: Í vetur hafa verið 5 tvítýngd börn á Bláudeildinni, ásamt nokkrum sem hafa þurft á frekari aðstoð að halda. Tvær samverustundir eru á dag og þá syngjum við saman og lesum sögur. Aðstæður eins og við matarborðið, í fataklefanum og á skiptiborðinu eru vel notaðar og allir starfsmenn meðvitaðir um mikilvægi þess að tala, lesa, útskýra og hvetja til samræðna. Starfsfólk er einnig mikið með börnunum í leik og leggur orð á athafnir þeirra og grípur þau tækifæri sem bjóðast hverju sinni. Sett var upp skipulag þar sem hver starfsmaður átti að eiga að lágmarki eina gæðastund í ca 5-10 mín í hverri viku með þeim börnum sem þurftu á mestri aðstoð að halda.

Hvað gekk vel: Það gekk mjög vel að hafa samverustundir og allir starfsmenn jákvæðir gagnvart þeim og taka þátt. Allir starfsmenn leggja sitt af mörkum varðandi börn sem þurfa meiri aðstoð. Börnin voru dugleg að koma með bækur til starfsfólks og nutu þess að láta lesa fyrir sig.

Var eitthvað erfitt: Slíkar stundir átti svo að skrá niður til þess að hægt væri að hafa betri yfirsýn yfir það hvernig vinnan gengi. Ekki gekk eftir að skrá þær niður eins og til stóð og því þarf í framhaldinu að ákveða í samstarfi við stafsmanahópinn hvaða aðferðir nýtist betur. En þó að skráningu hafi verið ábótavant hefur barnahópnum verið vel sinnt og framfarir þeirra hafa allar verið mjög góðar.

Næsta vetur verður einnig lögð meiri áhersla á að nota Lubba í samverustundum en slíkt tókst ekki sem skildi í vetur þrátt fyrir alls konar efnivið sem búið er að útbúa.

Hvað viljum við halda áfram með af þessum þáttum? Hvað viljum við sjá í áherslum á næsta skólaári?

Allir voru mjög ánægðir með það sem við höfum verið að gera en vilja að sjálfsögðu gera betur. Sögupokarnir voru einna helst til umræðu og var talað um að það færi ef til vill betur að byrja á því að nýta þær loðtöflusögur sem til væru og byggja ofan á þær. Allir voru sammála um að vilja leggja meiri áherslu á skapandi starf næsta vetur, undirbúa það betur og vinna meira út frá áhuga barnanna. Einnig vorum við sammála um að vilja leggja meiri áherslu á eineltisverkefnið okkar, útikennsluna og málörvun.

2.2 Mat á starfi Rauðudeildar veturinn 2017-2018

TRAS

Á Rauðudeild voru börnin ekki öll prófuð með TRAS, það stafar af því að enginn starfsmanna Rauðudeildar hefur TRAS réttindi. Hins vegar gerði sérkennslustjóri TRAS prófanir á 2 börnum í tengslum við greiningarvinnu og erindi sem send voru inn til þjónustumiðstöðvar.

Sú vinna þótti skila ágætis innsýn í þroska og getu þeirra barna. Til þess að hægt væri að nýta TRAS prófin á markvissan hátt í deildarstarfinu okkar þyrfti a.m.k 1 starfsmaður deildarinnar að hafa tilskilin réttindi til að leggja prófið fyrir börnin.

Sögupokar

Sögupokarnir hafa ekki verið mikið notaðir í vetur en starfsfólkið er áhugasamt um að nota þá meira. Sögupokarnir þykja henta aldri barnanna vel og hjálpa til við að halda athygli þeirra. Þau skipti sem þeir hafa verið notaðir hafa tekist mjög vel.

- Næsta vetur ætlum við að nýta okkur fleiri myndræna miðla (sögupokar, loðtöflur o.s.frv.) til að auka gæði sögustundanna á Rauðudeild og koma betur til móts við tvítyngdu börnin á deildinni.

Útikennsla

Útikennslan tókst mjög vel. Þennan vetur hafa tvær yngstu deildirnar (Rauða- og Bláadeild) parað sig saman í mörgum þessara verkefna og það hefur gefist mjög vel. Á þennan hátt myndast meiri tengsl milli barna á deildunum, auk þess verður yfirsýn kennara betri.

Það hafa verið farnar ferðir um það bil einu sinni í viku, þ.e.a.s. eftir frekar torfæran vetur. Ferðirnar hafa yfirleitt verið farnar með fámenna hópa og þá hefur nærumhverfi skólans verið kannað. Einstaka ferðir hafa verið lengri og fór til að mynda einn hópurinn í strætóferð, sem tókst mjög vel.

- Stundum hefur komið upp mikil óreiða í fataklefanum þegar ferðahópurinn kemur inn á sama tíma og hópurinn sem var í útiveru. Þá hafa verið of mörg börn í fataklefanum í einu sem myndar óþarflega mikinn hávaða og kraðak.
 - Þetta væri hægt að leysa með því að ferðahópurinn færi fyrr af stað eða að hafa ferðirnar styttri og koma þá fyrr til baka í leikskólann.
- Lengri ferðirnar þóttu takast mjög vel og voru bæði börn og starfsfólk mjög ánægt með þær. Viljum hafa fleiri langar ferðir næsta skólavetur.

- Til að auðvelda þessar ferðir verður barnahópnum líklega skipt meira í „eldri“ og „yngri“ hópa. Þannig væri hægt að haga ferðunum meira eftir getu og þroska barnanna og hægt væri að komast í fleiri langar ferðir.
- Þetta býður líka upp á meira skipulagt starf fyrir hópinn sem ekki fer í ferð þann daginn.
- Til stóð að 2014 árgangur Grænudeildar tæki að þátt í ferðum vetrarins, það tókst hins vegar ekki .
 - Næsta vetur væri gaman ef hægt væri að tengja árgangana (milli deilda) betur saman, sérstaklega í ferðum og/eða útikennslunni
- Næsta vetur viljum við flétta námssviðin betur inn í útikennsluna. Auðvelt væri að bæta inn ýmis konar innlögnum varðandi læsi og málörvun, stærðfræði, umhverfisvitund og þar væri jafnvel gott að flétta inn verkefnum tengdum eineltisverkefninu.
- Starfsfólk ræddi líka um að auka úrvinnslu eftir ferðirnar. Þetta mætti t.d. gera með ýmis konar skapandi starfi og skráningum.
 - Áhugavert væri að veita börnunum meira tækifæri til að skrá það sem upp úr stóð í ferðum vetrarins, t.d. með ljósmyndaskráningum og í framhaldi að hengja þær myndir upp inni á deild

Útiöldunin hefur líka tekist vel. Starfsfólk Rauðudeildar er almennt áhugasamt um útiöldunina. Það að elda úti þykir spennandi og brýtur vel upp daglega rútínu (bæði hvað varðar börn og starfsfólk). Í þessu hefur samstarfið við Bláudeild verið mikið og gengið mjög vel. Það þykir þægilegt að hafa fleira starfsfólk á svæðinu þegar eldað er úti auk þess sem það þjappar bæði starfsmannahópnum og barnahópnum saman. Í vetur höfum við bæði bakað lummur og brauð (tvisvar sinnum), eldað hakkrétt, poppað og hitað saft í nokkur skipti.

- Stefnt er á að elda oftár úti næsta starfsár, halda áfram að prufa sig áfram með ýmis konar rétti og finna leið til þess að börnin taki virkari þátt í sjálfri elduninni
- Samstarf við Bláudeild hefur gengið mjög vel og verður því haldið áfram næsta starfsár.
- Áhugi er fyrir því að finna fleiri námskeið í útikennslu/útiöldun fyrir starfsfólk Rauðudeildar
- Gaman væri að geta haft yngri hópinn á Guludeild (2015) að einhverju leyti með í útiöldun/útikennslu vetrarins

Jafnrétti í leikföngum

Á Hofi hefur markvisst verið unnið að því að hafa þau leikföng sem eru í boði inni á deildum kynlaus, Rauðadeild hefur fylgt þeirri línu og í daglegu starfi og frjálsum leik hefur verið lögð áhersla á að hafa efniviðinn opinn, fjölbreyttan og skapandi. Í daglegu starfi og frjálsum leik hefur verið lögð áhersla á að hafa efniviðinn opinn og þá er mikið notast við kubba af ýmsum tegundum. Reynt hefur verið að gera kubbana meira aðlaðandi fyrir börnin með því að bæta inn ýmsum kveikjum og aukahlutum en einnig hefur mismunandi leikefni (t.d. dýr og einingakubbar) verið parað saman til þess að dýpka leik barnanna.

Auk þess höfum við skapað rými fyrir börnin til að prófa sig áfram með leikefni sem þau velja vanalega ekki að leika með. Til að mynda höfum við leyft stúlknaþópnum okkar að leika sér með stóru púðana, en það er leikefni sem yfirleitt er eingöngu valið af mjög fjörugum drengjahóp og fylgja því mikil ærsl og mikið fjör. Að sama skapi hefur oft verið haldið margs konar rólegri borðvinnu að drengjahópnum. Þar er lögð áhersla á að efla fínhyrningar þeirra með t.d. perlum, pinnum og að þræða tölur upp á band.

- Næstu skref okkar eru að fara yfir búninga/furðufata kassann okkar. Þar ætlum við að losa okkur við aðkeypta (prinsessu)búninga og taka frekar inn hefðbundin föt og reyna að fá enn fleiri strákaföt í safnið.
- Spurning er hvort að það geti verið ágætt að hvíla það leikefni sem yfirleitt telst kynjað, t.d. bíla og dúkkur.
 - Einnig væri hægt að setja upp sérstakar stundir þar sem kynhlutverkunum er víxlað, t.d. fengju stelpurnar bíla og strákarnir dúkkur.
- Einnig langar okkur að koma því við að þær fyrirmyndir sem við bjóðum upp á varðandi leikefni og myndir á veggjum, endurspegli betur fjölbreyttan barnahóp Hofs og samfélagsins í heild (ath. húðlit, samfélagsstöðu, líkamlegt atgervi, staðlaðar kynímyndir)
 - Hafa fjölbreytileika betur í huga þegar við náum í bækur af bókasafninu
 - Fara yfir almennt leikefni
 - Fá t.d. púsluspil inn á deild sem sýna fjölbreytt fjölskyldu mynstur

Tvítýngd börn

Veturinn 2017/2018 voru 3 tvítýngd börn á Rauðudeild. Af þeim voru 2 börn sem fylgst var sérstaklega með í sambandi við málörvun. Annað þessara barna var auk þess með sérstakt teymi í kringum sig í samstarfi við þjónustumiðstöð.

Á deildinni var lögð ákveðin áhersla á málörvun í daglegu starfi. Á hverjum degi eru a.m.k. 2 samverustundir þar sem viðfangsefnin eru margvísleg en byggjast öll á málörvun í einhverri mynd (lestur, söngur, umræður). Hver stund er að jafnaði um 20 mínútur hver. Fyrir utan þetta reyndu starfsmenn að virkja börn til að ræða saman við matarborðið og koma með einhvers konar innlögnum (telja saman, ræða liti o.s.frv.) í öllum þeim stundum þar sem kennari er beinn þátttakandi í starfinu (situr t.d. við borð eða á gólfi með börnunum) auk þess sem rólegar stundir voru líka nýttar. Við skipulag rýmisins á deildinni var lögð áhersla á að hafa námsumhverfið örvandi og eru bækur, stafir, tölur, form og litir á áberandi stöðum í sjónhæð barnanna. Starfsmenn hafa líka verið duglegir við að lesa bækur fyrir fámenna barnahópa yfir daginn, óháð samverustundum.

Til þess að geta fylgst með því hvort að tvítýngdu börnin yrðu örugglega ekki útundan í þessum stundum þá framkvæmdu starfsmenn 2-3 sinnum yfir veturinn sérstaka skráningu á því hvort og hvernig þau börn nýttu sér þetta. Þannig voru talðar saman þær mínútur sem kennari varði með (tvítýngdu) börnunum á deildinni. Þannig kom í ljós að daglega fengu þessi börn yfirleitt ekki minna en 50 mínútur hvert í beina málörvun.

Lubbanámsefnið vakti mikla lukku og voru börnin mjög áhugasöm þegar var unnið með það. Það gekk hinsvegar ekki nægilega vel að festa þær stundir í sessi og næsta starfsár verður Lubba gert herra undir höfði og meiri áhersla verður lögð á að kynna það námsefni fyrir börnunum.

- Erfitt þótti að finna lausan tíma til að hafa 1 á 1 málörvun með börnunum

- Reynt verður að festa ákveðna tíma í málörvun næsta vetur
- Lubbastundir voru fáar og langt á milli þeirra
 - Reynt verður að festa Lubbastundirnar á ákveðin tíma dags næsta vetur
 - Gera Lubbanámsefnið sýnilegra inni á deild

Skapandi starf

Þennan veturinn var ákveðið að hafa ekki hefðbundið hópastarf (börnum skipt niður í hópa sem haldast út allan veturinn og hver kennari sér um skapandi starf síns hóps) heldur voru unnin ákveðin verkefni með öllum börnunum, þar sem allir kennarar komu að hverju verkefni. Í sameiningu voru unnin mörg verkefni en það sem bar hæst voru öskudagsbúningarnir, jólagjafirnar og svo „bókin mín“ og myndir og skráningar unnar út frá sveitaferð foreldrafélagsins.

Þetta vinnuform þótti takast vel og á deildarfundum var sérstaklega rætt um að á þennan hátt fengju kennarar tækifæri til að kynnast börnunum betur. Það þótti líka kostur að öll börnin fengju sömu/svipaðar upplifanir í gegnum þessa vinnu og að þægilegt væri að skipuleggja skapandi starfið í samvinnu við aðra kennara deildarinnar.

- Að hafa ekki fasta hópa með fyrirfram ákveðin verkefni gerði það að verkum að stundum var flókið að hafa yfirsýn yfir hverjir voru búnir að gera hvað
 - Næsta vetur verða valin ákveðin verkefni sem vinna á og í kjölfarið verður útbúið ítarlegra skipulag yfir hvað á að vinna og hvenær
- Áhugi var að hafa betri og meiri (skapandi) úrvinnslu á ferðum og útikennslu barnanna
 - Reglulega verður farið yfir hvernig sú vinna myndi fara fram á deildarfundum vetrarins

Að vinna með „verðlausan“ og opinn efnivið fellur undir skapandi starf deildarinnar. Sú vinna fer að mestu fram í könnunarleik barnanna. Skipulagið fór vel af stað í vetur, börnunum var skipt niður í ákveðna hópa sem áttu sinn tíma á ákveðnum dögum. Í byrjun vetrar gekk þetta mjög vel og öll börnin fóru mjög reglulega í könnunarleik. Sökum anna við önnur verkefni reyndist erfitt að fylgja þessu skipulagi. Það var samt góð reynsla af þessu vinnufyrirkomulagi og munum við halda áfram að vinna á þennan hátt næsta vetur.

Sýn barna á deildarstarfið

Síðastliðið haust voru töluverðar breytingar á starfsmannahópi Rauðudeildar. Nýr deildarstjóri tók við deildinni auk þess sem 2 nýjir starfsmenn hófu störf. Þess vegna náðist hvorki að útbúa sérstaka starfsáætlun fyrir veturinn né setja ákveðin markmið fyrir vetrarstarfið. Út frá því reyndist ekki mögulegt að gefa börnunum færi á því að meta deildarstarfið eða einstök verkefni.

Það má hins vegar benda á það að öll börnin voru bæði áhugasöm og forvitin um starf deildarinnar. Þau tóku fullan þátt og þeim virtist þykja skemmtilegt að vinna að þeim verkefnum sem voru lögð fyrir þau.

Eitt af stóru markmiðum deildarinnar fyrir næsta vetur er að bæta þetta og finna góða leið til að koma börnunum að endurmati deildarstarfsins og gefa þar með þeirra röddum meira pláss í okkar faglega starfi. Að öllum líkindum verður það unnið í samstarfi við Bláudeild.

2.3 Mat á starfi Grænudeildar 2017-2018

TRAS

Hvað var gert: Listinn fylltur út fyrir 2013 og 2014 árgang.

Hvað hefur gengið vel: Gekk þokkalega að fylla út í ljósi þess að við erum að nota listann í fyrsta sinn. Hann er aðgengilegur og leiðbeiningar góðar og með meiri æfingu verðum við fljótari að fylla hann út og meira vakandi fyrir þeim þáttum sem skoðaðir eru.

Var eitthvað erfitt: Það háði þessu mest að það var ekki allt starfsfólk deildarinnar sem þekkti listann, en með því að allir kynni sér hann vel og séu vel meðvitaðir um hvað verið er að skoða, þá ætti að verða auðveldara að fylla hann út.

Viljum við nota þessi próf áfram: Já endilega. Þau gefa ágæta mynd af stöðu hvers barns, og það að vera að vinna með hann, heldur okkur á tánum við það að fylgjast með hverju og einu barni. Listinn og handbókin þarf að vera aðgengilegur öllu starfsfólki og allir þurfa að vita út á hvað hann gengur, svo upplýsingar verði sem réttastar. Æskilegt að fleira starfsfólk sækir námskeiðið.

Sögupokar

Hvað hefur verið gert?: Einn sögupoki tilbúinn (Gullbrá og birnirnir þrír) og tveir í vinnslu (geiturnar þrjár og grísirnir þrír).

Hvað hefur gengið vel?: Sögupokinn virkar vel í notkun með börnunum. Það að hafa sögusvið og leikmuni, heldur athygli þeirra vel og styður við þann sem segir söguna. Óþarfi er að kunna söguna frá orði til orðs og allt í lagi að spinna svolítið.

Var eitthvað erfitt?: Sögupokinn er ekki erfiður né flókinn í notkun, en notkun á honum mætti vera almennari og fleiri koma að því að útbúa fleiri sögupoka.

Viljum við halda þessu áfram?: Á Grænudeild er almennt áhugi fyrir að nota sögupoka sem eina leið í að segja sögur og einnig áhugi fyrir að koma að gerð fleiri poka.

Hvað finnst börnunum?: Almennt finnst börnunum gaman í sögustundum og sérstaklega þegar við drögum fram sögupokann. Þau hafa komið með hugmyndir að sögum til að hafa í sögupoka og efniviði í sögupersónur, s.s. steina, köngla og spýtur.

Hvert stefnum við?: Við viljum gjarnan sjá að sögupokarnir verði börnunum innblástur í sögugerð og að þau noti hugmyndaflugið til að útbúa sögupersónur og svið úr ýmis konar efniviði úti og inni.

Útikennsla

Hvað hefur verið gert: Útikennsla er snar þáttur í starfi deildarinnar og við vinnum mikið af verkefnum úti. Sem dæmi má nefna, málörvunarverkefni af ýmsu tagi, numicon og önnur stærðfræðiverkefni, jóga, sögugerð, samvinnuverkefni, umhverfismennt og hreyfing.

Hvað hefur gengið vel: Útikennsluverkefni höfða vel til barnanna, samvinna er meiri og oft sjálfsprottin og samskipti eru betri. Almenn ánægja er meðal barnanna og þau biðja um verkefni úti, koma með hugmyndir og oft fara sjálfsprottin verkefni í gang.

Var eitthvað erfitt? Á tímabili í vetur settu veður, færð og veikindi svolítið strík í reikninginn hjá okkur og við komumst minna í ferðir en við höfðum ætlað. Við náðum okkur þó vel á strík aftur með hækkandi sól. Við elduðum sjaldnar úti en ætlunin var, en ætlum okkur að gera betur þar á nýju skólaári.

Viljum við halda áfram?: Já, útikennslan er komin til að vera. Hún opnar svo marga möguleika sem ekki gefast inni og hentar leikskólabörnum mjög vel. Þar erum við ekki takmörkuð af rými og hávaðaáreiti eru minni. Við hlökkum til að vinna með aldurshreina deild, því það gefur öðruvísi möguleika. Við viljum sinna útiöldun betur og vinna meira með verkefni í útikennslumöppunni.

Hvað finnst börnunum?: Börnunum finnst útikennslan skemmtileg og koma iðulega með hugmyndir að verkefnum og stöðum að heimsækja. Þeim finnst gaman að koma að útiöldun og þessa stundina er efst á óskalistanum hjá þeim að poppa úti.

Hvert stefnum við?: Við viljum að börnin komi meira að því að ákveða staði og verkefni, og mati á því hvernig gengur, t.d. með umræðum og göngudagbók.

Skapandi starf

Hvað hefur verið gert?: Auk alls konar myndlistarverkefna úr alls konar efnum, má nefna vinnu við öskudagsbúninga, plasttöskugerð, vinnu við jólagjafir, teiknibækur og þemabækur að ógleymdum tónlistartímum sem voru frábær viðbót við skapandi starf á deildinni.

Hvað gekk vel?: Teiknibækurnar höfðu mikil áhrif á teikniþroska barnanna. Þau fóru að vinna lengur við myndir sínar, geyma þær og koma að þeim aftur, nota mismunandi tækni og börn sem höfðu sýnt lítinn áhuga á að sitja og teikna fengu áhuga á að vinna í bókina sína. Pappírssóunin snarminnkaði og börnin fóru að bera virðingu fyrir vinnunni sinni. Þau búa sjálf til bækurnar sínar, velja pappír, sauma þær saman og passa vel upp á þær.

Annað sem stóð upp úr, var vinnan við öskudagsbúningana. Þótt hún hafi tekið tíma, þá var það algerlega þess virði og mætti alveg verða árviss vinna. Það var enginn skortur á hugmyndum hjá börnunum og þau unnu úr þeim hver á sinn hátt. Allir voru alsælir með sína búninga og engir tveir eins.

Tónlistin var svo eins og áður sagði frábær viðbót við starfið á deildinni sem allir hafa notið.

Var eitthvað erfitt?: Vinnan við öskudagsbúningana tók tíma, en við vorum að gera þetta í fyrsta sinn. Næst verðum við betur undirbúin og vitum hvað við erum að fara út í.

Vegna aðstæðna þurftum við líka að einfalda vinnu við gerð jólagjafa, en það fór allt vel.

Viljum við halda áfram?: Já og ýmsar hugmyndir eru í vinnslu, svo sem frekari bókagerð tengt við þemu, sögugerð og vinna með endurvinnslu á pappír.

Jafnrétti í leikföngum

Hvað var gert?: Lítið verið gert markvisst, en þó er jafnrétti haft í huga þegar við veljum bækur til að lesa og við kaup á nýjum bókum og leikefni.

Hvað gekk vel?: Nokkuð verið keypt af nýjum púsluspilum og spilum sem vinna gegn gömlum kynhlutverkum.

Var eitthvað erfitt?: Það hallar nokkuð á stráka í efnivið fyrir hlutverkaleiki

Viljum við halda áfram: Já og gera miklu betur

Tvítýngd börn

Hvað var gert?: Landadagar, hlustað á lög og sungið á tungumáli viðkomandi barns. Lögð áhersla á lestur í litlum hóp og að leggja inn í orðaforða við allar daglegar athafnir. Nýttum samskiptabók sem gekk milli skóla og heimilis.

Hvað gekk vel?: Það gekk vel og var skemmtilegt að syngja á nýjum tungumálum og það má segja að sú vinna sem við fórum í gekk vel, en við getum og viljum gera miklu meira.

Var eitthvað erfitt?: Það var erfitt að finna tíma til að kynna sér og þá nýta úrræði sem t.d. allirmed.is síðan býður upp á. Þurfum að koma því ofar í forgangs röðina.

Viljum við halda áfram?: Viljum mjög gjarnan halda áfram með þennan þátt og gera honum hærra undir höfði. Vinna t.d. meira með samskiptabækur. Senda bækur með heim um helgar. Horfa meira á samvinnu/samskipti heimilis og skóla t.d. varðandi hefðir og fróðleik um viðkomandi lönd og kynna okkur betur og fjalla meira um löndin sem börnin koma frá. E.t.v. hægt að elda úti rétti frá viðkomandi löndum.

Við viljum halda áfram að vinna með alla þessa þætti og leggja sérstaka áherslu á þá þætti sem urðu svolítið út undan í ár, þ.e. jafnrétti í leikföngum og tvítýngd börn.

2.4. Mat á starfi Svörtudeildar 2017-2018

TRAS

Hvað var gert? Deildarstjóri fór á námskeið og tók prófið á tveimur börnum sem verkefni á námskeiðinu.

Viljum við halda áfram? Prófið gefur góða mynd af stöðu barnanna. Þegar þetta verður farið að rúlla þannig að prófið fylgi hverju barni, getum við endurskoðað hvort þetta sé erfiðisins virði.

Sögupokar

Hvað var gert? Ekki gafst tími til að útbúa sögupoka, en hugmyndin er góð og við værum til í að gera eitthvað með hana.

Útikennsla

Hvað var gert? Útikennslan hefur að mestu verið í formi ferða, t.d. í Grasagarðinn, á námskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, álfaleit í Gufunesbæ, ásamt ferðum á söfn t.d. Hvalasafnið, sögustundir í Sólheimabókasafnið, Náttúrufræðistofu Kópavogs, ferð í Alþingishúsið, fjölmargar skólaheimsóknir með úttekt á leikvöllum, ásamt gönguferðum í Laugardalinn þar sem farið var í Orminn og leikið í Þvottalaugunum. Fyrir jólin fórum við í heimsókn í Hallgrímskirkju þar sem móðir eins barnsins tók á móti okkur og las sögu um jólin hans Hallgríms. Við fórum einnig í bæði stóru leikhúsin, Þjóðleikhúsið bauð okkur á Brúðusýningu með Bernd Ogródnik og Borgarleikhúsið bauð okkur á kynningu á töfrum leikhússins. Einhverjar ferðir voru farnar í nánasta umhverfi með útikennsluverkefni, en þær ferðir liðu svolítið fyrir ferðirnar sem hér voru taldar ásamt því að við fórum í ferðir í Ármann einu sinni í viku í nokkrar vikur. Einnig höfum við farið í lengri ferðir eins og í fjallgöngu á Úlfarsfell og í Hellisgerði í Hafnarfirði. Við elduðum úti og bökuðum lummur og

appelsínukökur, við stefnum á að elda oftár nú þegar nýja eldstæðið er komið í gagnið. Börnin fengu að spreyta sig á að smíða hér úti í garði, en tálgunarkennsla fór fram inni. *Hvað hefur gengið vel?* Ferðirnar gengu almennt vel, börnin voru spennt fyrir þeim og var hegðun með betra móti í þessum ferðum. Þeim finnst sérstaklega eftirsóknarvert að fara í ferðir þar sem við tökum hádegismatinn með okkur.

Var eitthvað erfitt? Það sem var erfiðast var að finna tíma til að fara með litla hópa út, starfsmannahaldið var flókið framan af vetri og barnahópurinn mjög krefjandi. Einnig vorum við að vinna tímafrek verkefni inni, eins og t.d. öskudagsbúningana.

Viljum við halda áfram? Við viljum tvímælalaust halda útikennslunni áfram og einbeita okkur að útikennslu í nánasta umhverfi.

Skapandi starf

Hvað var gert? Við vorum með mörg krefjandi og skemmtileg verkefni í vetur. Við endurunnum plastpoka og bjuggum til töskur úr þeim og við unnum stórt verkefni sem endaði sem jólagjöf til foreldra. Ferlið byrjaði á Náttúrufræðistofu Kópavogs og endaði sem púði unnin með batikaðferð. Þetta verkefni er alltaf skemmtilegt og afraksturinn eigulegur. Annað stórt verkefni var öskudagsbúningar þar sem börnin fengu að ráða hvernig búninga þau gerðu. Börnin bjuggu einnig til kerti, máluðu myndir, bjuggu til graskalla, gerðu bækur, bjuggu til dúska og puttaprjón og teiknuðu fjölmargar myndir og klipptu og límdu. Börnin eru búin að vera í vikulegum tónlistartímum þar sem fléttaðist inn myndlist og leikræn tjáning.

Hvað hefur gengið vel? Skapandi starfið hefur almennt gengið vel, við unnum mörg þessara verkefna með einu eða fáum börnum í einu þar sem ekki var um eiginlegt hópastarf að ræða heldur nýttum við tímann sem börnin voru í frjálsum leik og kipptum þeim í verkefni.

Börnunum líkaði það vel og sóttust eftir því að vera með í verkefnunum. Þetta er það sem hefur gengið einna best.

Var eitthvað erfitt? Það var ekkert sem var sérstaklega erfitt, en mörg þessara verkefna voru krefjandi og tímafrek og liðu kannski aðrir þættir fyrir það.

Viljum við halda áfram? Skapandi starf er órjúfanlegur þáttur í leikskólastarfinu og að sjálfsögðu höldum við áfram með það með því að leggja áfram áherslu á myndlist, leiklist, tónlist og að bjóða upp á skapandi efnivið.

Jafnrétti í leikföngum

Hvað var gert? Hér á deildinni hafa hlutirnir einhverra hluta vegna þróast þannig að hér eru hvorki dúkkur né bílar. Bæði kyn eru hrifin af byggingaleikjum og hlutverkaleikjum og sækja bæði kyn mikið í að teikna, perla, spila og leika með garn.

Hvað hefur gengið vel? Við erum búin að vera með „búðardót“ sem er poki með verðlausu efni og fylgir það fötunum. Þetta hefur verið mjög vinsælt leikefni.

Var eitthvað erfitt? Við fengum athugasemd frá einu foreldri um það að sonurinn væri að kvarta undan því að það væru bara kjólar í fötunum. Hann bauðst til að gefa okkur jakka og fleiri karlmannsföt sem við þáðum.

Viljum við halda áfram? Við viljum bæta okkur enn frekar í að hafa t.d. föt fyrir bæði kyn og koma okkur upp slæðum sem eru opinn og kynlaus efniviður.

Tvítýngd börn

Hvað var gert? Engin sérstök vinna með tvítýngd börn hefur farið fram á deildinni í vetur, heldur hafa þau fengið sömu málörvun og hin. Börnin eru þrjú, en tala öll góða íslensku enda annað foreldri íslenskt og hafa þau ekki haft þörf fyrir sérstaka vinnu. Við höfum að sjálfsögðu haldið landadagana þeirra hátíðlega.

Viljum við halda áfram? Við viljum hafa málörvun tvítýngdu barnanna markvissari ef börn eru þannig stödd að við teljum að þau þurfi meira en hin.

Næsta skólaár

Við viljum halda áfram með alla þessa þætti ásamt því að skerpa enn frekar á að kenna börnum jákvæð samskipti og að leysa ágreining. Einnig viljum við finna aðferðir til skráninga sem gerir sýn barnanna sjálfra sýnilegri.

2.5. Mat á starfi Hvítudeildar 2017-2018

Haustið 2017 einkenndist af miklum breytingum á Hvítudeildinni en þá hófu tveir nýjir starfsmenn störf. Fyrstu vikur skólaársins fóru í að aðlagast breyttu starfsumhverfi og koma sér inn í menningu leikskólans. Þar sem Svartadeildin er samtengd þeirri Hvítu var auðvelt að sækja í reynslubrunn starfsmanna hennar og því var aðlögunartíminn frekar stuttur. Barnahópurinn var mjög góður sem auðveldaði allt starf vetrarins til muna en eins og gengur og gerist komu stundum upp árekstrar á milli barnanna.

Í upphafi skólaárs settum við okkur markmið og verkefni sem við ætluðum að vinna að á skólaárinu og tókust þau flest nokkuð vel til. Við lögðum mikla áherslu á samveru með börnunum og að vera til staðar í leiknum sem tókst glimrandi vel. Tónlist og söngur skipaði mikinn sess í starfinu enda báðir kennarar hljóðfæraleikarar. Við byrjuðum af miklum krafti í tónlistinni með gerð söngspjalda sem gerði það að verkum að börnin gátu valið lögín sjálf og æfðust í læsi um leið. Eftir því sem leið á vorið fór að halla á hlut söngstunda sem margar hverjar urðu að sögustundum en þreyttum lögum var þar helst um að kenna. Sjálfsmynda- og jólagjafagerð voru á sínum stað fyrir áramót og fjölskyldumynd eftir áramót en auk þess bjuggum við til kerti undir leiðsögn Gróu á Svörtudeild og börnin sköpuðu sinn eigin öskudagsbúning. Svæðin í aðalbyggingunni voru notuð grimmt og því reyndum við að hafa skipulagða listsköpun í hvert sinn sem við áttum listasmiðjusvæði. Yfir skólaárið elduðum við tvær máltíðir, bökuðum tvisvar lummur og hituðum tvisvar sinnum saft á eldstæðinu sem var partur af útikennslu Hvítudeildarinnar. Í hverri viku var svo farið í að minnsta kosti eina ferð þar sem nemendur fengu fræðslu og hreyfingu.

TRAS

Hvað var gert? Skólaárið 2017-2018 voru öll börn Hvítudeildar tekin í Tras próf og var það gert í samstarfi við sérkennslustjóra. Þegar innra mat vetrarins var framkvæmt var verið að leggja lokahönd á síðustu prófin.

Hvað gekk vel? Prófin hjálpuðu kennurum að sjá hvar börnin stæðu, vöktu þá til umhugsunar og gerðu þá meðvitaðri um þroska barnanna á deildinni. Í einhverjum tilvikum höfðu kennarar

og sérkennslustjóri vanmetið hæfni barna þar til þau voru tekin í Tras sem sýndi að þau voru fær um mun meira en áður var talið.

Hvað var erfitt? Tras er ekki gallalaust og þeir erfiðleikar sem fylgja prófinu er tíminn sem það tekur að fylla það út. Auk þess þurfa kennarar að fara á námskeið til að mega fylla það út sem gerði það að verkum að sérkennslustjóri þurfti að fylla prófið út fyrir deildarstjóra og fyrir vikið tafðist framkvæmd þeirra.

Viljum við halda þessu áfram? Á Hvítudeild er áhugi fyrir áframhaldandi vinnu með Tras. Deildarstjórar leikskólans þyrftu allir að fara á Trasnámskeið til að verða meðvitaðri um deildina og betur í stakk búnir að taka eftir þroska barnanna.

Sögupokar

Hvað var gert? Ekkert

Viljum við halda þessu áfram? Já, Þetta virðist að mestu hafa farið framhjá kennurum á Hvítudeild og mögulega rætt áður en þau hófu störf en það má alveg skoða þetta.

Útikennsla

Hvað hefur verið gert? Í vetur hefur Hvítudeild verið dugleg í ferðum en fimmtudagar voru ferðadagar. Við höfum t.d farið í ferðir í Húsdýragarðinn, kaffi Flóru, Orminn, Þvottalaugarnar, Hallgrímskirkju, safn Einars Jónssonar, Ásmundarsafn, Öskjuhlíð og svo hafa leikvællir og skólalóðir í hverfinu verið þræddar. Í vetur kom eldstæði sem hefur verið vel nýtt af Hvítudeild en í vetur höfum við bakað lummur, hitað saft, eldað máltíð og stefnum við á að elda tvisvar sinnum til viðbótar áður en sumarfrí brestur á. Formlegt útinám hefur helst birst í umræðum og fræðslu um þá staði sem við höfum heimsótt og leiki tengdum ferðunum t.d. fórum við í Öskjuhlíð með það að markmiði að finna hermannahús.

Hvað gekk vel? Allt, við höfum undirbúið okkur vel og aldrei á síðustu stundu. Námskeið sem starfsmenn hafa sótt í útiildun hafa hjálpað okkur og kveikt áhuga hjá starfsfólki.

Hvað var erfitt? Til að byrja með vantaði sjálfstraust til að ríða á vaðið og þá sérstaklega í elduninni. Fyrstu ferðirnar voru hægar og rólegar og við hæfi allra. Barnahópurinn hafði litla reynslu af lengri ferðum en hefur eflst mikið og er nú fær um að ganga lengri vegalengdir.

Viljum við halda þessu áfram? Já

Skapandi starf.

Hvað hefur verið gert? Við höfum unnið með ýmis efni og verðlausan efnivið. Höfum nýtt listasmiðjuna þegar við höfum átt það svæði, Höfum unnið mikið með pappír og liti, alltaf haft það í boði. Sjálfsmyndir, jólagjafir, öskudagsbúningur, fjölskyldumyndir og aðrir fastir liðir í skapandi starfi leikskólans.

Hvað hefur gengið vel? Öll verkefni sem við höfum sett fyrir hafa gengið vel. börnin hafa notið vinnunnar og verið ánægð með afraksturinn. Þau eru hrifin af því að sýna foreldrum myndir sínar og ræða sín á milli hver á hvaða verk. Foreldrar hafa lýst yfir ánægju með

verkin og nefnt sérstaklega textabúta með lýsingum barnanna á myndefninu. Öskudagsbúningar gengu vonum frammar og voru foreldrar ánægðir með framtakið.

Eitthvað verið erfitt? Börnin sýna sköpun mismikinn áhuga en hafa þó tekið þátt í öllu skipulögðu starfi. Við gerðum tilraun með myndabækur í stað endalausra blaða en það virkaði ekki nógu vel á deildinni og fór að snúast um að klára bókina í stað þess að nýta hana. Mögulega var bókin of stórt verkefni sem börnin sáu ekki fyrir endann á.

Viljum við halda áfram? Já

Jafnrétti í leikföngum

Hvað var gert? Við höfum blandað saman ýmsum efnivið og reynt að finna leikföng sem allir sýna áhuga. Stelpurnar voru virkjaðar í að setja saman efnivið og kveikja þannig áhuga þeirra á leikefni sem þær höfðu ekki sýnt áhuga á t.d. að taka dúkkur í holukubba og verðlausan efnivið í einingakubba. Barnahópurinn var hvattur til að blandast og þau velja sig saman í hópa þannig að allir leika með allt og kynnast sín á milli.

Hvað gekk vel? Það gekk allt ágætlega og við reyndum að vera meðvituð um það hvernig við gætum aðstoðað hópinn í sínu starfi. Vorum vakandi fyrir því sem þau eru að hugsa í leiknum og aðstoða þau við útfærslu á leiknum með efnivið. Við vorum óhrædd við að blanda saman ólíkum efnivið og gátum þannig dýpkað leikinn í samstarfi með börnunum. Barnahópurinn átti auðvelt með að finna sér leikefni og voru í lang flestum tilvikum í góðum leik sem þau gátu dundað sér lengi í.

Hvað var erfitt? Það var stundum erfitt að láta hugann reika. Að starfsmenn séu til staðar og fylgist með leiknum og reyni að finna hvað þeir geti boðið. Sum börn á deildinni voru föst í sama leiknum yfir veturinn og var erfitt að finna útfærslur á honum sem gætu dýpkað hann. Við vorum bundin takmörkuðu úrvali af spennandi dóti. Sumir sóttu í og óskuðu eftir dóti sem gæti flokkast sem „kynjað“.

Viljum við halda áfram? Já

Tvítýngd börn

Hvað var gert? Barnahópurinn fékk daglegan skammt af sögum, söng og almennum umræðum sem eflði hann til jafns í læsi. Tvítýngdu börnin okkar eiga annað íslenskt foreldri og samskipti fara fram á íslensku. Deildarstjóri tók Tras próf til að kanna hvar þau stæðu og komu þau mjög vel út. Við notuðum öll tækifæri til að ræða við börnin. Landadagar eru haldnir hátíðlegir.

Hvað gekk vel? Tvítýngdu börnin á Hvítudeild eiga íslenskt foreldri sem ræðir við þau á íslensku og því eru þau jafnvíg samnemendum sínum. Trasprófin gáfu kennurum sýn á það hvar börnin stæðu.

Hvað var erfitt?Ekkert

Viljum við halda áfram?Já

Hvað viljum við halda áfram með af þessum þáttum?

Allt, þeir eru allir mjög mikilvægir þrátt fyrir að þeir eigi misvel við hverja deild t.d. tvítyngd börn á Hvítudeild. Auk þess er alltaf hægt að bæta sig og er kjörið að leggja áherslu á að bæta sig enn frekar í þeim þáttum sem leikskólinn stendur fyrir í stað þess að taka inn nýja þætti sem setja okkur á byrjunarreit.

Hvaða áherslur viljum við hafa á næsta ári?

Útiildun og vettvangsferðir og mögulega endurskoða skipulagt útinám (það þarf allavega að kveikja áhugann hjá ansi mörgum ef það á að vera yfirlýst áhersla), sköpun, læsi og lestur (hlustun og endursögn barnanna), Jafnrétti, Flæði í leik (val barnanna er miðað við flæði í leik, leikurinn getur farið á flug og þróast í stað þess að vera bundinn við eitt val).

2.6 Mat á starfi Guludeildar 2017-2018

Á Guludeildinni eru 24 börn fædd 2012-13. Í vetur hafa þrír deildarstjórar verið með deildina. Starf deildarinnar hefur því litast mikið af þessum miklu breytingum og þau markmið sem deildin setti sér í upphafi vetrar hafa því miður ekki verið öll framkvæmd. Barnahópurinn er einstaklega samheldinn og góður. Þau eru fljót að aðlagast og því hefur þetta ekki haft mikil áhrif á þau. Þar sem ég tók við fyrir þremur vikum síðan þá var erfitt að endurmeta starfið og því kom það í hlut hinna starfsmannanna að segja mér frá hvað var gert og hvernig það gekk.

TRAS

Prófið var tekið á öllum börnum fæddum 2013 á deildinni. Erna tók prófin en hún hafði sótt námskeið í Tras og var eini starfsmaður deildarinnar sem mátti taka prófið á börnunum. Í foreldraviðtölum fengu foreldrar kynningu á niðurstöðunum. Aðrir starfsmenn deildarinnar fengu aldrei kynningu á niðurstöðunum og því erfitt fyrir okkur að meta fyrirlögnina. Það sem hefði átti að gera var að kynna starfsmönnum deildarinnar niðurstöðurnar og um hvað prófið snýst svo að hægt væri að vinna með börnunum. Við sjáum fyrir okkur næsta vetur að kynning á prófinu og niðurstöðunum verði gerð betri skil til annarra starfsmanna. Ef það á að taka Tras áfram þá þurfa allir að skilja út á hvað prófið gengur svo hægt sé að vinna markvisst með niðurstöðurnar.

Sögupokar

Þeir hafa ekki verið notaðir á deildinni og því ekki reynsla af þeim. Starfsmenn deildarinnar notuðu söguna og brúðuna um Hjálpfúsan og Inni-púkan. Börnin voru áhugasöm og því er

mikill áhugi á notkun á sögupokum á deildinni næsta vetur. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem hefur setið á hakanum í vetur.

Útikennsla

Í vetur hefur útikennslan setið á hakanum en áhugi starfsmanna endurspeglar það. Starfsmenn Gulu vilja vera duglegri og skipulagðari. Yngri hópurinn fór í tvær ferðir yfir skólaárið í Laugardalinn með verkefni en starfsmenn bera fyrir sig reynsluleysi. Eldri börnin fóru í fleiri ferðir en þær hefði mátt undirbúa betur og vera með verkefni. Lagt var meira úr úrvinnslu ferðanna en þar liggur einmitt styrkleiki starfsmanna. Deildin eldaði hádegismat einu sinni úti á eldstæðinu en starfsmenn deildarinnar hafa ekki mikla reynslu í útieldun. Á næsta skólaári verður bætt úr því og námssviðunum fléttað betur í útikennsluna.

Skapandi starf

Áhugi starfsmanna liggur í skapandi starfi. Úrvinnsla úr ferðum, fínhreyfingar og almenn listsköpun. Börnin á deildinni eru miklir listamenn og starfsmenn hafa náð að kveikja áhuga þeirra á teikningum og bókalestri, en mikil áhersla hefur verið á lestur bóka. Á deildinni er mikið sungið og dansað, börnin tóku þátt í Barnmenningarhátíð, lærðu söngva, vísur og þulur. Tónlistarkennslu hefur Rasa tónlistarkennari séð um. Áhuginn leynir sér ekki í barnahópnum og kemur það fram í öllu skapandi starfi á deildinni. Fyrir öskudaginn bjuggu öll börn til sinn búning og litaðist vetrarstarfið mikið af því. Mikil ánægja ríkti bæði meðal barna og starfsmanna á meðan á búningagerðinni stóð og mat okkar er að þetta er eitthvað sem við viljum gera aftur, t.d. annað hvert ár. Það eina sem við viljum sjá er meiri þátttaka starfsmann í búningagerðinni það er að segja starfsmenn þurfa að gera sér líka búning. Endurvinnsla hefur litað starf deildarinnar mikið og elstu börnin gerðu fjölnota poka úr plastpokum. Þetta verkefnið er komið til að vera enda skapandi og umhverfisvænt verkefni.

Jafnrétti í leikföngum

Þetta verkefni var ekki framkvæmt og verður því tekið fyrir á næsta skólaári. Við þurfum að fara í gegnum leikföngin og þá sérstaklega hlutverkakassana.

Tvítýngd börn

Á deildinni er eitt tvítýngt barn en hún á íslenskan föður. Hún stendur sig vel gagnvart jafnöldrum og kom með góða færni úr Hljóm-2. Það hefur ekki verið unnið sérstaklega með hana. Á næsta skólaári verða fleiri tvítýngd börn og markmiðið er að fylgja þeim vel eftir, nota Tras og orðaforðinn kannaður reglulega.

Starfsmenn Gulu vilja halda áfram með alla þessa þætti og bæta sig í öllum en með áherslu á einkunnarorðin okkar virðingu, gleði og sköpun.

3 Ytra mat

Ekkert ytra mat hefur verið gert á Hofi.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- Á Hofi njóta tólf börn sérkennslu eða stuðnings. Þrjú börn af þessum tólf eru með úthlutaðan stuðningstíma og sinna tveir starfsmenn þeim allan eða stóran part úr degi. Sex börn eru í sérkennslu hjá sérkennslustjóra og þrjú eru í sérkennslu hjá deildarstarfsmönnum. Þá sinnir sérkennslustjóri málörvun barna sem koma illa út úr HLJÓM-2.
- Unnið er að markvissri málörvun inni á öllum deildum, í formi lesturs, söngva og hljóðkerfisvitundarverkefna. Vakni grunur um frávik í málþroska setjast deildarstjóri og sérkennslustjóri niður og ræða saman um stöðu barnsins og búa til áætlun um íhlutun til að hjálpa barninu að ná jafnöldrum. Síðasta vetur fóru sérkennslustjóri og einn deildarstjóri á TRAS námskeið. Í kjölfarið var ákveðið að prófa það skráningarform á leikskólanum og fóru fleiri deildarstjórar á réttindanámskeið. Ákveðið var að byrja á næstelsta árgangnum og yngsta árganginum. Stuðst er við eftirfarandi próf/námsefni; Lubbi finnur málbein, Ljáðu mér eyra, Orðagull, Markviss málörvun, Tölum saman, TRAS, HLJÓM-2, AEPS listinn, Tákn með tali, Atferlisþjálfun, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn
- Hvert stuðnings/sérkennslubarn er með einstaklingsáætlun sem sérkennslustjóri gerir í samráði við stuðningsaðila og/eða deildarstjóra. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun eftir því sem færni barnsins eykst. Mikilvægt er að hún byggji á styrkleikum og áhugasviði barnsins og að í henni komi skýrt fram þau markmið sem stefnt er að, leiðirnar sem hægt er að fara til að ná markmiðunum og upplýsingum um hvernig meta eigi árangurinn. Deildarstjórar og foreldrar hafa einnig aðgang að einstaklingsáætluninni.
- Sérkennslustjóri vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnsins, haldnir eru reglulega teymisfundir þar sem allir aðilar sem koma að barninu setjast niður og ræða saman um stöðuna og framhaldið. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að deildarstjórum og sérkennslustjóra og geta ýmist fengið ráðgjöf og/eða fræðslu og hvert sé best að leita ef frekari aðstoðar er þörf.
- Leikskólinn Hof er í samstarfi við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, þar fáum við ráðgjöf og þjónustu. Ráðgjafar og sálfræðingar koma reglulega á teymisfundi, leggja fyrir próf og veita leikskólanum ráðgjöf. Þá vinnur leikskólinn náið með þeim talmeinafræðingum sem börnin eru hjá. Oft fer ýmist stuðningsaðili eða sérkennslustjóri með barninu í einn tíma hjá talmeinafræðingi til að fá leiðbeiningu um hvernig sé best að vinna með barninu. Þá sendir talmeinafræðingur einnig verkefni sem unnin eru á leikskólanum. Talmeinafræðingar hafa einnig komið á teymisfundi. Leikskólinn vinnur náið með Greiningarstöð ríkissins, starfsmenn hafa bæði farið á opin námskeið og einstaklingsmiðuð þjálfunarnámskeið á þeirra vegum í samvinnu við Þjónustumiðstöðina.
- Sérkennslustjóri vinnur náið með starfsmönnum leikskólans. Vakni áhyggjur um þroska barns setjast deildarstjóri og sérkennslustjóri niður og ræða stöðu barnsins og hvað sé hægt að gera til að aðstoða það. Allir starfsmenn geta komið til

sérkennslustjóra og fengið fræðslu eða ráðgjöf og hvaða námsgögn sé best að nota. Sérkennslustjóri miðlar einnig nýjum aðferðum til deildarstjóra og annarra starfsmanna á deildinni.

Umbótaþættir næsta skólaár

- TRAS – vera búin að leggja fyrir próf á öllum börnum leikskólans, taka saman niðurstöður og setja upp áætlun sem deildin getur unnið með í samverustundum og leik.
- halda oftari fundi þar sem sérkennslustjóri og þjálfar setjast niður og ræða saman um gang mála. Einnig að sérkennslustjóri komi oftari inn á deildarfundum og auki þar með upplýsingaflæði
- efla samstarf við foreldra og skerpa á hlutverki þeirra í þjálfun barna

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

- Á Hofi eru 14 tvítyngd börn frá 8 löndum. Leikskólinn gerir landi hvers barns sérstaklega hátt undir höfði einu sinni á ári með sameinginlegri söngstund á ganginum og fáni landsins ásamt orðum úr viðkomandi tungumáli eru hengd upp á öllum deildum. Stundum eru kennd lög frá viðkomandi land og eldaður er matur sem einkennir það land í hádeginu. Í söngstundinni eru ýmist skoðaðar myndir frá landinu, menningin kynnt eða barnaefni sýnt frá landinu. Foreldrar koma stundum með bækur, þjóðbúninga eða annað sem einkennandi er fyrir landið. Á ganginum er svokallað „landatré“ þar hangir fáni viðkomandi lands uppi allt árið ásamt því hvernig maður býður góðan dag.
- Fríða Bjarney Jónsdóttir kom á deildarstjórafund þar sem hún fór yfir helstu áherslur varðandi tvítyngd börn og hvað við gætum nýtt okkur í samskiptum við foreldra. Þá benti hún okkur á þær heimasíður sem við gætum nýtt okkur og á þá staði sem við gætum sótt aukna fræðslu. Í febrúar/mars kom meistaranemi í talmeinafræði í vettvangsnám í leikskólann. Hún lagði fyrir málþroskapróf á nokkrum börnum þar á meðal nokkrum tvítyngdum börnum. Hún var síðan með fræðslu og ráðgjöf fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi um málþroska og máltöku barna.
- Á Hofi eru fimm starfsmenn sem mynda tvítyngisteymi, það sest reglulega niður og fer yfir hvað gert er inni á deildum og kemur með tillögum að úrbótum. Þær tillögur sem teymið hefur komið með er t.d.
 - 10 mín. reglan – hver starfsmaður á deildinni einbeitt sér að viðkomandi barni í 10 mín. á dag í formi lestrar, leiks, eða samræðna. Útbúið voru sérstök eyðublöð þar sem starfsfólk skráði sinn tíma á blaðið. Þannig var hægt að fylgjast vel með framvindu mála.
 - Aukinn bókalestur á deildum (yndislestur)
 - Kynntum orðaforðalistann (útgefinn af Mennatmálastofnun) á öllum deildum
 - Á deildarstjórafundi í vetur var Myndmál.is kynnt fyrir deildarstjórum. Myndmál er myndrænt orðasafn á netinu sem leikskólinn hefur keypt aðgang að. Hvatt var til notkunar á því, sérstaklega með tvítyngdu börnunum.
 - Unnið er með orðaspjall inni á öllum deildum, í samverustundum er mikið sungið og farið í ýmsa leiki sem vinna með hljóðkerfisvitund. Lesnar eru sögur í hvíldinni, þær ræddar og unnið verkefni í tengslum við þær. Ritmálið er sýnilegt, bæði uppi á vegg og í efnivið barnanna. Þau eru hvött til að skrifa nafnið sitt sjálf og elstu börnin eru farin að myndast við að skrifa orð. Þá er unnið með Lubba inni á öllum deildum, lögin hans sungin, hreyfingarnar kenndar og verkefni unnin í tengslum við sögurnar úr bókinni. Rödd barnanna fær góðan hljómgrunn þegar kemur að lagavali og bókalestri. Starfsfólk er hvatt til þess að grípa tækifærið þegar börnin leita til þeirra með bækur að setjast niður og lesa þær. Í gegnum leikinn eru starfsmenn hvattir til að sitja á gólfinu og setja orð á hlutina.
 - Síðasta vetur var ákveðið að prófa að taka TRAS málþroskaprófið, það próf hentar öllum börnum og tekur á mál- og félagsþroska. Það próf gefur okkur góða mynd um stöðu barnsins og framfarir.

- Tveir starfsmenn fóru á námskeið um móttöku tvítyngdra barna. Það er þáttur sem þarf að taka fastar á við upphaf leikskólagöngu. Kallaður er til túlkur í þeim viðtölum sem talin er þörf á eða að foreldrar óski eftir því.

Umbótaþættir næsta skólaár

- Ekki hefur verið sérstök móttökuáætlun fyrir tvítyngd börn en teymið er að vinna að slíkri áætlun. Áætluð verklok eru haust 2018 og tvítyngisteymið ber ábyrgð á að ljúka því.
- Skráningarblað sem fylgdi 10. mín. reglunni var sett inn á allar deildir en ekki var unnið með hana eins og til var ætlast á öllum deildum. Teymið þarf að búa til skýrari vinnuáætlun og hafa meiri eftirfylgni.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri boðaði flest alla starfsmenn í starfsþróunarsamtöl í mars og apríl. Viðtölin voru á skrifstofu leikskólastjóra og tóku 20-60 mín. Ýmis fræðsla var sótt í vetur, nokkrir starfsmenn fóru á Lubbanámskeið, TRAS, ráðstefnu um yngstu börnin, ráðstefnu SFS, þjálfunarnámskeið hjá þjónustumiðstöð, á skipulagsdegi fengum við skyndihjálparnámskeið og fyrirlestur frá iðjuþjálfum um vinnustellingar og hreyfiþjálfun barna.

Á næsta skólaári reynum við að senda fleiri starfsmenn á TRAS, HLJÓM-2 og matsnámskeið frá SFS. Einnig munum við óska eftir fræðslu um Transbörn vegna barns í skólanum. Á skipulagsdegi í október stefnum við á að fara á Menntakvikun HÍ og einhverjir starfsmenn munu sækja ráðstefnu SFS. Á síðasta skólaári fór starfsmannahópurinn í námsferð svo ekki verður um slíka ferð að ræða næstu ár.

7. Foreldrasamvinna

Foreldraráð var kosið á foreldrafundi haustið 2017, hópurinn hefur hist tvisvar sinnum en er í tölvupóstsambandi þess á milli. Allir foreldrar voru boðaðir á fund í skólann seinnipart dags, 6.september 2017, góð mæting var á fundinn. Sálfræðingurinn Elísa Guðnadóttir, hélt erindi um aga ungra barna, leikskólastjóri kynnti skólann og vetrarstarfið lítillega og að lokum var starfið kynnt á hverri deild fyrir sig og foreldrar fóru þá inn á viðkomandi deild. Foreldraviðtöl eru í boði hvenær sem þurfa þykir en einu sinni á ári boða starfsmenn deilda alla foreldra í viðtal. Flestir foreldrar nýta sér það boð. Foreldrafélag er einnig starfrækt við skólann, stjórnin hittist reglulega og er í góðu samstarfi við leikskólastjórnendur. Hópurinn er í samskiptum á facebook. Nokkrar uppákomur eru skipulagðar af stjórninni m.a. piparkökumálun á aðventunni, sumarhátíð á afmæli skólans 7.júní, sveitaferð að vori og keyptar eru inn leiksyningar eða aðrar uppákomur eftir áhuga og fjárhag hverju sinni.

8. Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins. Aðaláherslur í samstarfinu er að kynna skólann, húsnaði og hefðir fyrir elstu börnum leikskólans. Grunnskólabörnin fá að koma í heimsókn til að rifja

upp leikskólaveruna. Engar breytingar verða gerðar á samstarfi skólanna varðandi elstu börnin, gert er ráð fyrir nokkrum heimsóknum yfir veturinn. M.a. fara þau í heimsókn á bókasafnið, til skólastjórans og í bekkjarheimsókn. Að vori er sameiginlegur útvistardagur elstu barnanna í leikskólanum og 1. bekkjar í Laugarnesskóla.

- Ekki er um að ræða nein samstarfsverkefni á milli skólanna.

9 Skipulagsdagar

22.ágúst – sameiginlegur í hverfinu

- Námskeið frá SFS um mat og áætlanir
- Skólanámskrá Hofs
- Undirbúningur fyrir vetrarstarfið

12.október –

- menntakvika HÍ
- fræðsla v/transbarna

23. nóvember – sameiginlegur í hverfinu

- Vetrarstarf – mat
- Hópefli - kynnisferð

23. febrúar – sameiginlegur í hverfinu

- Vetrarstarf – mat
- skólanámskrá

29. mars

- Vetrarstarf – mat
- skólanámskrá

24. maí

- Mat – starfsáætlun
- Hópefli

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

10.3 Leikskóladagatal

F. h. leikskólans

Særún Ármannsdóttir
Leikskólastjóri

29.júní 2018
Dagsetning

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x			
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur		x		
Faglegt samstarf			x	
Leikskólaþróun og starfsþróun				x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x			
Námsvið leikskólans		x		
Leikskóli án aðgreiningar			x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara			x	
Fagmennska starfsfólks	x			
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		
Velferð og líðan barna	x			
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun				x
Viðhorf foreldra				x
Innra mat				
Framkvæmd	x			
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		
Opinber birting og umbætur			x	
Grænfáni		x		
Forvörn gegn einelti	x			

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Gínea Conakry	1 F	Pólland	1 M		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 L		1 M	
2 F		2 S		2 Þ		2 F	Tæland	2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F		2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F		3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L		4 Þ		4 F	
5 S		5 M	Foreldrafundur	5 F	Filipseyjar	5 M		5 M		5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F	Albanía	5 S		5 M		5 F	
6 M	Frídagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F	Bretland	7 S		7 M		7 F	Spánn	7 M	Þrettándinn	7 F		7 F		7 S		7 Þ		7 F	Skólaslit í grunnskólum	7 S	
8 M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ	Barnamenningarhátíð	9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F	Slóvakía/Tékkland	11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F	Skipulagsdagur	12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F	Ömmu- og afakaffi	12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Kaffihús á gangi	13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F	Dagur íslenskrar náttúru	14 S		14 M		14 F		14 M		14 F		14 F		14 S	Pálmásunnudagur	14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Litháen	15 F	Kúba	15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M		17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F	Vetrarfrí	18 S		18 Þ		18 F	Bóndadagur	18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M		19 F	Frakkland	19 M		19 M	Jólaball	19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F	Finnland	21 S		21 M		21 F		21 M		21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M	Skipulagsdagur	22 L		22 M	Vetrarfrí	22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M	Síðasti vetrardagur	24 F	skipulagsdagur	24 M		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F		25 M	Vetrarfrí	25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	Bangsadagur	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ	Vetrarfrí	26 Þ		26 F	Noregur	26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M	Skipulagsdagur	27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F	Skipulagsdagur	29 M		29 M	Útskriftarferð og útskrift	29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F	Aðventukaffi	30 S		30 M				30 L		30 Þ		30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Starfsáætlun 2018 – 2019
Leikskólinn Hof
Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Katrín Karlsdóttir

Stefán Skúlason

Virpi Tuulikki Jokinen

Þorsteinn Guðmundsson

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs

Við höfum lesið starfsáætlun leikskólans Hof fyrir veturinn 2018-2019 og okkur líst vel á starfsáætlunina. Áætlunin gefur von um að áfram verði haldið með starf leikskólans af fagmennsku, metnaði og alúð við börnin okkar. Við sjáum spennandi tækifæri í því að vinna áfram að bættri markmiðasetningu til að auðvelda eftirfylgni og veita starfsfólki stuðning til að ná uppsettum markmiðum.

Katrín Karlsdóttir
Stefán Skúlason
Virpi Tuulikki Jokinen
Þorsteinn Guðmundsson